



## Fréttabréf forseta

Maí 2016

### Kæru formenn í Delta Kappa Gamma

#### Vorþing

Vorþingið í Setbergsskóla 30 apríl var mjög vel heppnað. Rúmlega 80 konur komu saman þennan fallega laugardag og átta saman fræðandi og skemmtilegan dag. Ég vil sérstaklega þakka menntamálanefndinni fyrir glæsilega dagskrá sem og undirbúningsnefndinni fyrir að gera ytri umgjörð eins fallega og raun bar vitni. Í nýttkomnu og glæsilegu vorfréttabréfi Útgáfu- og samskiptanefndar (sem ég þakka henni innilega fyrir) má lesa ítarlegan pistil um þingið sem Valgerður Magnúsdóttir í Kappadeild tók saman.

#### Erlendar nefndir

Í síðasta bréfi hvatti ég ykkur til að gefa kost á ykkur í alþjóðlegar nefndir sambandsins og ítreka ég hér með þá hvatningu og bið ykkur einnig að hvetja félagskonur í ykkar deildum til að gefa kost á sér. Nokkrar konur hafa sýnt áhuga en alltaf má bæta við og enn er tækifæri því umsóknar-frestur er til 1. júní. Upplýsingar um starf hverrar nefndar er á vefnum og umsóknareyðublaðið einnig (þarf Member ID og password til að opna) en einnig má senda póst til okkar í stjórninni og láta vita af áhuga og þá munum við aðstoða við að koma þeim upplýsingum á framfæri ásamt meðmælum frá landsambandsstjórn.

#### Nýjar stjórnir

Nú hafa flestar deildir haldið aðalfund og kosið sér nýjar stjórnir. Nokkrar deildir hafa sent mér nöfn nýrra stjórnarkvenna og ítreka ég þá beiðni við þær sem enn eiga það eftir. Ég minni einnig á eyðublaðið sem ég sendi ykkur nýlega í tölvupósti sem senda á til alþjóðaskrifstofunnar með nöfnum þeirra sem taka sæti í næstu stjórn. Munið líka eftir að panta formannanæluna fyrir fundinn sem formleg stjórnarskipti fara fram á, sem er væntanlega fyrsti fundur eftir 1. júlí. Nöfn nýrra kvenna sem teknar hafa verið inn í deildirnar þarf einnig að senda til Sigríðar Guttormsdóttur ([siggutto@gmail.com](mailto:siggutto@gmail.com)), og mín á netfangið [eyglob@gmail.com](mailto:eyglob@gmail.com)

#### Ársskýrslur

Þó ekki sé venjan að skila með formlegum hætti ársskýrslum deilda nema bara á landsambandsþingi þá væri samt gaman ef deildirnar vildu birta ársskýrslur sínar á deildarvefnum svo hægt sé að lesa um það blómlega starf sem fram hefur farið í deildunum. Einnig væri gaman ef deildir settu oftast inn á vefinn áhugaverðar fréttir. Góðar fréttir af okkar konum og starfinu í heild koma okkur öllum við og vefurinn er jafnlifandi og við gerum hann.

#### Sumarið

Þó flestar deildir hvíli fundarhöldin yfir sumar-tímamann væri samt kannski góð hugmynd að ákveða að hittast einhvern dag yfir sumarið við óhefð-bundnar aðstæður. Það mætti fara á kaffihús, jafnvel í gönguferð saman eða hvaðeina annað sem hugurinn stendur til. Jafnvel gætu tvær deildir eða fleiri slegið sér saman um slíkt stefnumót. Þannig gætu skapast öðruvísi kynni milli deildarkvenna innbyrðis og á milli deilda. Hægt væri að deila hugmyndum og styrkja vináttubönd.

#### Framkvæmdaráðsfundur

Þó stjórnin hafi ekki komið saman til að ákveða endanlega dagsetningu framkvæmdaráðsfundarinnar í haust er mjög líklegt að hann verði haldinn **10. september** á höfuðborgarsvæðinu (þá er væntanlega uppkomum eins og Menningarnótt, Akureyrarvöku og Ljósanótt lokið :-)) Eins og ég sagði í síðasta bréfi er nánast skyldumæting formanna á þennan fund og bið ég ykkur því að koma þessum upplýsingum til nýrra formanna svo þeir geti tekið daginn frá.

**Með ósk um gott og ánægjulegt sumar!**



**Bestu kveðjur!**

**Eygló Björnsdóttir, forseti DKG**

**Verum virkar –  
styrkjum starfið**